

Svalbarðsstrandarhreppur
Vígfús Björnsson
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi
605 Akureyri

Reykjavík, 11. maí 2021
UST202105-117/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 og nýtt deiliskipulag - Leifshús

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Svalbarðsstrandarhrepps er barst 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 og nýju deiliskipulagi fyrir Leifshús.

Í greinargerð kemur fram skipulagsverkefnið tekur til skiptingar 2,1 ha spildu í landi Leifshúsa í 12 ræktunarreitum auk byggingarheimildar fyrir aðstöðuhús sem fylgja ræktunarreitunum. Auk þess segir að spildan sem um ræðir er skilgreind sem landbúnaðarland (L1) í gildandi aðalskipulagi en ráðgert er að skilgreiningu hennar verði breytt í frístundabyggð (F), eða að skilgreindur verði nýr flokkur landbúnaðarlands (L5) fyrir ræktunarreitum af fyrrgreindu tagi.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur